

## GJALDSKRÁ

**kaldavatnsveitu Bláskóga veitu, Bláskógabyggð.**

1. gr.

*Gjaldskylda.*

Bláskóga veita (Bláskógabyggð) innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

*Ráðstöfun gjalda.*

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

*Heimæðargjald vatnsveitu.*

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við neðan greinda töflu og allt að 30 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar tengir veitan við komandi fasteign en varðandi sumarhús er miðað við að heimæð nái að lóðarmörkum og sumarhúsa eigandi leggur sínar lagnir innan lóðar á sinn kostnað.

*Sverleiki heimæðar*

*Heimæðargjald*

*Verð á metra  
umfram 30 m*

25 mm	kr.	328.000	kr.	1.491
32 mm	kr.	360.000	kr.	1.998
40 mm	kr.	393.000	kr.	2.677
50 mm	kr.	526.000	kr.	3.587
63 mm	kr.	729.000	kr.	4.806
75 mm	kr.	1.100.000	kr.	6.441
90 mm	kr.	1.500.000	kr.	8.631
110 mm	kr.	2.100.000	kr.	11.651

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísetölum. Grunnvísitala er byggingarvísetala (grunnur 2010) mars 2017, 130,0 stig.

Gjaldskrá fyrir lögbýli gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsnæði.

Við sérstakar aðstæður, sem hægt er að skilgreina fyrir utan útgefna töflu þessarar greinar, er veitustjórн heimilt að semja sérstaklega um heimæðargjald.

4. gr.

*Vatnsgjald.*

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningstarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,3% af fasteignamat viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksálagning verði kr. 50.000 á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem tengist veitukerfi veitunnar og notar vatn til vökvunar ber skylda til að vera með miðlunartank. Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitu Bláskóga veitna verði kr. 15.000.

## 5. gr.

*Notkunargjald.*

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, er heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald til viðbótar vatnsgjaldi skv. 4. gr. Fjárhæð notkunargjalds er 26,38 krónur á rúmmetra ( $m^3$ ) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010), grunnvísitala mars 2017 er 130,0 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkanir fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

## 6. gr.

*Mælaleiga.*

Þeim sem greiða notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis, mm</i>	<i>Mælaleiga á ári, kr.</i>
15	7.988
20	8.135
25	10.472
32	11.725
40	14.251
50	17.266
80	45.193

Mælaleigan tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010). Grunnvísitala marsmánaðar 2017, 130,0 stig.

## 7. gr.

*Gjalddagar.*

- a) Heimæðargjald: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 30 daga frá gjalddaga.
- b) Vatnsgjald: Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

## 8. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalds vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

## 9. gr.

*Innheimta o.fl.*

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum samkvæmt lögum frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörum.

Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógbabyggðar 7. desember 2017, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglu-

Nr. 1242

7. desember 2017

gerðar um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1131/2016.

*Bláskógabyggð, 7. desember 2017.*

**Valtýr Valtýsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018